

efri góm, auk þess hefir slysið haft töluverð áhrif til hins lakara á andlega heilsu barnsins. Rétturinn telur því, að þessum lið bótakröfunnar sé í sjálfu sér í hóf stillt. En með því að telpan, er var 8 ára, þegar slysið varð og verður að teljast hafa sýnt af sér allmikla óvarkárni með því að hlaupa upp á veginn án þess að athuga, hvort henni kynni að stafa hætta af umferð á honum og sennilega á eða fyrir bifreiðina, þykir verða að taka lækunar-kröfu stefnds til greina í sambandi við þennan lið og þykja bæturnar, er hér eru krafðar í einu lagi, hæfilega ákveðnar kr. 8000.00.

Úrslit málsins verða því skv. framansögðu þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 10931.00 með vöxtum eins og krafizt hefir verið og máls-kostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Föstudaginn 7. maí 1937.

Nr. 157/1936. **Guðmundur Björnsson**

(Eggert Claessen)

gegn

**Eysteini Jónssyni, fjármálaráðherra,
f. h. rikissjóðs**

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Ríkissjóður sýknaður af kröfu sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um skaðabætur vegna þess, að honum var sagt upp pósta-fgreiðslumannsstarfi, og sami sjóður ennfremur sýknaður af kröfu sýslumannsins um kaup á í-búðarhúsi hans í Borgarnesi.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. maí 1936: Stefndur, fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Guðmundar Björnssonar, í máli þessu. Máls-kostnaður falli niður.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur til þess:

1. *aðallega*, að greiða áfrýjanda skaðabætur fyrir missi póstafgreiðslustarfsins í Borgarnesi, kr. 5000 á ári, frá 1. júlí 1930 að telja, ásamt 5% ársvöxtum frá gjalddögum miðað við mánaðargreiðslu, eða *til vara* þá upphæð, sem dómkvaddir menn meta eða samkomulag getur orðið um.

2. *aðallega*, að kaupa af áfrýjanda íbúðarhús hans í Borgarnesi fyrir kostnaðarverð, kr. 104000.00, með 5% ársvöxtum frá 1. júlí 1930, eða *til vara*, að kaupa húsið fyrir matsverð samkvæmt mati því, að upphæð kr. 63200.00, er fram fór á húsinu 1. júní 1934, eða samkv. nýju mati, og verði 5% ársvextir greiddir af matsupphæðinni frá 1. júlí 1930.

Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar bæði í hér- aði og hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Fyrri aðal- og varakrafa áfrýjanda byggist á því, að óheimilt hafi verið að segja áfrýjanda upp póstafgreiðslumannsstarfinu í Borgarnesi, svo sem gert var á árinu 1930. Á þetta verður ekki fallizt, því að, eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, verður hvorki lánveitingin 1921, ummæli þingmanna um hana né aðrar aðgerðir ríkisstjórnar og alþingis skildar á þann veg, að ríkið hafi orðið skuldbundið til að halda áfrýjanda lengur í þjónustu sinni sem póstafgreiðslumanni en lög stóðu til á hverjum tíma, og þar eð ráðherra hafði samkv. 7. gr. laga nr. 40/1929 um stjórn póstmála og símamála ótví- rætt formlega heimild til að segja áfrýjanda upp

stöðunni, verður ekki talið, að áfrýjandi eigi kröfu til bóta fyrir uppsögnina.

Síðari aðal- og varakrafa er byggð á því, að með tilliti til þess, sem áður hafði gerzt í málinu, þ. e. lánveitingarinnar og uppsagnar póstafréttisstarfsins, hafi ríkisstjórnin, með leyfi sínu til áfrýjanda sumarið 1932 um að láta nokkurn hluta tekna sýslunnar standa eftir hjá honum og láta það óátalið, að hann árið 1932—1933 taldi þannig greiddar til sín 17 þús. krónur, sýnt, að hún annaðhvort taldi ríkinu þá þegar skylt að kaupa húseignina í Borgarnesi eða vildi skuldbinda ríkið til kaupanna. Alþingi 1933 hafi og fallizt á þessa afstöðu ríkisstjórnarinnar, þar sem það hafi veitt henni í I. tl. 22. gr. fjárlaga nr. 77/1933 heimild til að kaupa umrædda húseign við því verði, sem dómkvaddir menn kynnu að meta. Ríkisstjórnin hafi síðan sýnt, að hún vildi nota þessa heimild með því að láta meta eignina sumarið 1934, þó ekkert hafi orðið úr kaupunum að lokum. Þetta fær þó ekki staðizt. Það er þannig ljóst af bréfi Magnúsar Guðmundssonar, þáverandi dómsmálaráðherra, dagsettu 25. júlí 1932, til áfrýjanda, að stjórnin hvorki taldi ríkinu skylt að kaupa húseignina né vildi skuldbinda það til kaupanna. Stjórnin vildi einungis láta það óátalið, að áfrýjandi innborgaði ekki allar tekjur sýslunnar á tilsettum tíma og að eitthvað af þeim stæði inni hjá honum til næsta árs, þar til séð væri, hvað þingið vildi í þessu, þ. e. húskaupunum, gera. Í bréfinu segir ennfremur berum orðum, að áfrýjandi eigi á hættu að þurfa að greiða síðar þá upphæð, sem nú megi heimta fyrr, enda sé náttúrlega ómögulegt að segja, hvað næsta þing geri. Ekki verður heldur talið, að umgetið fjárlagaákvæði hafi

skyldað ríkisstjórnina til húskaupanna, því þar var einungis um að ræða heimild til stjórnarinnar, sem hún að athuguðu máli ákvað að nota ekki. Þar sem heldur ekki verður talið, að með uppsögn póstafrgreiðslumannsstarfsins hafi skapazt nein skylda fyrir ríkið til að kaupa húseign áfrýjanda, verður samkvæmt framansögðu ekki orðið við kröfu áfrýjanda um að skylda ríkið til kaupanna.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með tilvísun til hins áfrýjaða dóms þykir verða að staðfesta hann. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útg. 14. nóv. 1935, af Guðmundi Björnssyni, sýslumanni í Borgarfjarðarsýslu, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, og gerir stefnandi þær kröfur, aðallega, að fjármálaráðherra verði f. h. ríkissjóðs dæmdur til að greiða sér í skaðabætur fyrir missi póstafrgreiðslustarfa, sem hann hafði á hendi, 5000 kr. á ári frá 1. júlí 1930 að telja ásamt 5% ársvöxtum frá gjalddögum, miðað við mánaðargreiðslur, en *til vara* þá upphæð, sem dómkvaddir menn meta hæfilega. Einnig gerir stefnandi þá kröfu, *aðallega*, að stefndur verði f. h. ríkissjóðs dæmdur til að kaupa af stefnanda íbúðarhús hans fyrir kostnaðarverð kr. 104000.00 með 5% ársvöxtum frá 1. júlí 1930 eða *til vara* til að kaupa húsið fyrir matsverð skv. mati því, að upphæð kr. 63200.00, er fram fór á húsinu 1. júní 1934 eða skv. nýju mati, með 5% ársvöxtum af matsupphæðinni frá 1. júlí 1930.

Málskostnaðar krefst stefnandi, hvernig sem málið fer.

Stefndur krefst sýknu og málskostnaðar. Ennfremur krefst hann þess, að stefnandi verði sektaður fyrir óþarfa þrætu.

Tildrög máls þessa eru þau, að hús stefnanda, Guðmundar Björnssonar, sýslumanns í Borgarnesi, brann árið 1920, og varð hann þá húsnæðislaus fyrir sjálfan sig, sýsluskrifstofuna og póstafgreiðsluna, er hann þá hafði á hendi jafnframt sýslumannsembættinu. Fjárhagur stefnanda virðist hafa verið fremur þröngur um þetta leyti, og leitaði hann því til ríkisstjórnarinnar um lán úr viðlagasjóði til að byggja sér íbúðarhús, er hann gæti einnig notað fyrir skrifstofur sýslumannsembættisins og póstafgreiðsluna. Ríkisstjórnin lagði málið fyrir alþingi 1921, er heimilaði henni að veita stefnanda umbeðið lán, að upphæð allt að kr. 60000.00, gegn þeirri ábyrgð, er stjórnin tæki gilda. Lánið skyldi veitt til 40 ára og ávaxtast með 6% p. a., verða afborgunarlaust tvö fyrstu árin, en endurgreiðast síðan með jöfnum afborgunum á 38 árum.

Stefnandi heldur því fram, að umrætt lán hafi verið veitt sér á þeim grundvelli, að hann héldi póstafgreiðslustarfinu, með því að það hafi skapað sér möguleika til að standa straum af láninu, er ríkisstjórn og alþingi hefði verið ljóst, að hann hefði ekki getað ella. Og með því að veita sér lánið hafi því bæði ríkisstjórn og alþingi raunverulega skuldbundið sig til að svipta hann ekki póstafgreiðslustarfinu, meðan hann væri sýslumaður í Borgarnesi og óskaði að halda starfinu.

Með símskeyti 29. marz 1930 var stefnanda sagt upp póstafgreiðslustarfinu frá 1. júlí 1930 að telja, eða með þriggja mánaða fyrirvara.

Útaf þessari uppsögn eru kröfur stefnanda í máli þessu sprottnar, og byggir hann þær eingöngu á því, að hann hafi haft bæði beint og óbeint loforð ríkisstjórnar og alþingis um að fá að halda póstafgreiðslustarfinu áfram eins lengi og hann vildi.

Þessu hefir stefndur mótmælt og kveður hann þing og stjórn á þeim tíma, er lánið var veitt, á engan hátt hafa skuldbundið sig gagnvart stefnanda að þessu leyti.

Til stuðnings ofangreindri staðhæfingu sinni um skuldbindingu þings og stjórnar til að láta stefnanda halda póstafgreiðslustarfinu hefir stefnandi lagt fram vottorð nokk-

urra þingmanna, er setu áttu á þinginu 1921, er fjallaði um umrætt lán. Af vottorðum þessum verður þó alls ekki séð, að þingið eða stjórnin hafi á neinn hátt skuldbundið sig til þess beint eða óbeint að láta stefnanda halda póstafrgreiðslunni á meðan hann vildi. Það eina, sem fram kemur af vottorðum þessum, er, að það virðist hafa haft einhver áhrif á lánsupphæðina, að stefnandi hafði póstafrgreiðsluna á hendi, þannig að lánsupphæðin hefir orðið nokkru hærri fyrir það en ella hefði orðið.

Hinsvegar verður, eins og áður segir, ekki séð, að þetta né neinar aðrar aðgerðir þings og stjórnar hafi á einn eða annan hátt skuldbundið þessa aðilja til að láta stefnanda halda póstafrgreiðslunni lengur en þeim aðilja, er á hverjum tíma færi með stjórn póstmálanna, gott þætti, og þar eð rétturinn telur þann aðilja nú hafa sagt stefnanda löglega upp afgreiðslunni, þá verður ekki talið, að kröfur stefnanda séu nægilega rökstuddar með því, sem nú hefir verið greint.

Ennfremur styður stefnandi kröfur sínar við það, að ríkisstjórnin hafi raunverulega viðurkennt sér skylt að kaupa hús hans með því sumarið 1932 að heimila sér að halda eftir af innheimtum tekjum ríkissjóðs. Það kveðst stefnandi ekki hafa getað skilið á annan veg en þann, að það, sem hann skv. þessu leyfi héldi eftir, væri fyrirframgreiðsla upp í húsverðið. Af bréfum frá þeim ráðherra, sem stefnandi virðist aðallega hafa átt við um þessi mál sín, sem lögð hafa verið fram, verður alls ekki séð, að hér hafi verið um fyrirframgreiðslur vegna væntanlegra húsaкупа að ræða, heldur sést beinlínis á þeim, að alltaf hefir verið gengið út frá því, að stefnandi endurgreiddi þessar upphæðir á annan hátt en þann að láta húsið upp í þær.

Loks telur stefnandi, að alþingi 1934 með því að veita stjórninni fjárlagaheimild til að kaupa húsið hafi raunverulega viðurkennt skyldu ríkisins til þess. Gegn andmælum stefnds telur rétturinn þó ekki unnt að fallast á þennan skilning stefnanda. Skv. framansögðu telur rétturinn ekkert hafa komið fram í máli þessu, er bendi til þess, að það hafi verið óheimilt að segja stefnanda upp póstafrgreiðslustarfinu, þegar það var gert, og að aldrei hafi annað komið til mála en að hann yrði skilyrðislaust að

borga umrætt lán, enda hafi það alltaf verið á áhættu stefnds sjálfs, hvort hann gat staðið straum af því eða ekki.

Sömuleiðis telur rétturinn, að stefnandi hafi alveg á eigin áhættu haft hús sitt það stórt, að hann gæti haft þar póstafrgreiðslu, á meðan hann fengi að halda henni.

Það verður því ekki skv. framansögðu talið, að stefnanda hafi tekizt að sanna nokkur þau afskipti þings eða stjórnar af umræddri lánveitingu eða póstafrgreiðslustarfi, er geri það að verkum, að rikissjóði hafi skapazt nokkur skaðabótaskylda eða skylda til að kaupa hús stefnanda við það, að honum var sagt upp póstafrgreiðslustarfinu árið 1930.

Dómkröfur stefnanda verða því ekki taldar hafa við rök að styðjast, og er ekki eftir málavöxtum ástæða til að athuga þær nánar.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndur verður sýkn-
aður af öllum kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað falla niður.

Mánudaginn 10. maí 1937.

Nr. 185/1936. **Margrete Kristoffersen**

(Gunnar Þorsteinsson)

gegn

Birni Sæmundssyni (Sjálfur).

Barnsfaðernismál.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 30. okt. 1936: Synji kærður, Björn Sæmundsson, fyrir það með eiði eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegar samfarir við kæranda, Margrete Kristoffersen, á tímabilinu frá 5. nóvember 1935 til 25. janúar 1936, þá skal hann vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu og málskostnaður falla niður.

Vinni kærður hinsvegar ekki svofelldan eið, skal hann